

Tillögur lagðar fyrir hluthafafund 8. september 2015

Tillaga 1 - Kaupréttaráætlun

Tillögur lagðar fram á hluthafafundi Símans hf., 8. september 2015 í tengslum við gerð kaupréttaráætlunar:

Kaupréttaráætlun lögð fram til staðfestingar:

Stjórn Símans hf. leggur til við hluthafafund, sem haldinn er þann 8. september 2015 að fyrirbyggjandi drög að kaupréttaráætlun verði samþykkt. Kaupréttaráætlunin byggir á 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og heimilar félaginu að gera kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélaga. Drög kaupréttaráætlunar liggja fyrir fundinum og skulu vera hluti tillögu þessarar.

Heimild stjórnar til að auka hlutafé til að efna skuldbindingar sem felast í gerð kaupréttarsamninga:

Stjórn Símans hf. leggur til við hluthafafund, sem haldinn er þann 8. september 2015 að stjórninni verði veitt heimild til að gefa út nýtt hlutafé, allt að kr. 850.000.000 að nafnverði til að uppfylla skyldur sem félagið kann að takast á hendur með gerð kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélaga. Kaupréttarsamningar munu byggja á kaupréttaráætlun sem gerð hefur verið á grundvelli 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Nýtt hlutafé sem kann að verða gefið út á grundvelli þessarar heimildar skal vera í sama flokki og núverandi hlutafé og bera sömu réttindi. Almennar reglur samþykktu félagsins munu gilda um viðskipti með hlutaféð en verði hlutaféð framselt innan tveggja ára frá útgáfu verður skattlagningu háttað með öðrum hætti, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 90/2003.

Heimildina þarf ekki að nýta í einu lagi og skulu hluthafar ekki hafa forkaupsrétt til nýrra hluta, einungis skal heimilt að gefa hlutafé út til að efna skuldbindingar sem felast í nefndum kaupréttarsamningum.

Heimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt og skal hennar getið í samþykktum félagsins, með eftirfarandi texta sem mun koma inn í nýja grein 24.1 (endanlegt númer greinar háð samþykki fyrir breytingum á samþykktum sbr. tillögu 2):

„Stjórn félagsins hefur heimild til að gefa út nýtt hlutafé að nafnverði allt að kr. 850.000.000 til að uppfylla kaupréttarsamninga sem kunna að verða gerðir við starfsmenn félagsins og dótturfélaga á grundvelli kaupréttaráætlunar, sem gerð er í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Heimildina þarf ekki að nýta í einu lagi og skulu hluthafar ekki hafa forgangsrétt til nýrra hluta sem gefnir eru út samkvæmt þessari heimild, en einungis skal heimilt að gefa nýtt hlutafé út til að efna gerða kaupréttarsamninga. Heimildin gildir í fimm ár frá samþykkt.“

Tillaga 2 – Breytingar á samþykktum

A. Tillaga að breyta grein 4.2 með eftirfarandi hætti og fella úr gildi greinar 4.5 og 5

Greinin er svohljóðandi:

„Hver hlutur er ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum.“

Tillaga er að breyta greininni þannig að hún hljóði svo:

„Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Hver hlutur er ein króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Engar hömlur eru lagðar á rétt hluthafa til sölu á hlutum sínum. Um eigandaskipti og framkvæmd þeirra fer eftir gildandi lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa.“

Jafnframt fellur úr gildi grein 4.5 og grein 5 sem eru svohljóðandi:

„4.5 Hlutir skulu allir skráðir á nafn. Hlutfé er allt jafn rétthátt.“

„5. Heimild til rafrænnar útgáfu hlutabréfa

5.1 Félagsstjórn er heimilt að gefa út hlutabréf með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð, sbr. lög um rafræna eignaskráningu verðbréfa eftir því sem við á. Hinir rafrænt skráðu hlutir, rafbréf, koma í stað áður útgefins hlutabréfs.“

Skýringar:

Vegna fyrirhugaðrar skráningar í kauphöll er gerð sú breyting að hlutabréf félagsins eigi að vera gefin út með rafrænum hætti en það sé ekki stjórnar að ákveða hvort það skuli vera gert. Þá er einnig gerð sú breyting að taka fram að hver hlutur sé ein króna og eitt atkvæði fylgi hverjum hlut. Eftir sem áður er tekið fram að engar hömlur séu á sölu hlutanna í samræmi við að fyrirhugað sé að skrá hlutabréfin í kauphöll.

Í kjölfarið verða breytingar á númeraröð á núverandi greinum 6-10. Grein 6 verður grein 5, grein 7 verður grein 6 og svo koll af kolli.

B. Tillaga að breyta grein 5.2 (áður grein 6.2)

Tillaga að bæta eftirfarandi texta við grein 5.2:

„Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.“

Skýring:

Breyting þessi er gerð til þess að árétta að með rafrænni skráningu verðbréfa er stuðst við hlutaskrá skv. lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa um réttindi hluthafa.

C. Tillaga að breyta grein 8 (áður grein 9) og viðauka við samþykktir

Tillaga er að breyta grein 8 (áður grein 9) þannig að eftirfarandi texti bætist aftan við málsgreinina.

„Verði heimild til kaupa á eigin hlutum veitt skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.“

Í samræmi við tillögu Gildis sbr. grein 8 (áður grein 9) um tilgreina í viðauka við samþykktir hafi hluthafafundur heimilað stjórn félagsins að kaupa eigin hluti þá verður viðaukinn með eftirfarandi hætti:

„Viðauki við samþykktirnar skv. 3. málsl. 1. mgr. 8. greinar.“

Heimild félagsins til að kaupa eigin hluti samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2015.

Aðalfundur Skipta hf. þann 16. apríl 2015 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftar á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 965.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirleggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfiðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfiðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995.“

Skýringar:

Á hluthafafundi Símans 16. apríl samþykkti hluthafafundur ályktun um tillögu Gildis lífeyrissjóðs þess efnis að lagt verði fyrir stjórn að leggja til við næsta hluthafafund að bæta framangreindum texta við ákvæðið. Viðaukinn er heimild sem hluthafafundur veitti á hluthafafundi 16. apríl 2015.

D. Tillaga að breyta grein 11

Tillaga er að breyta grein 11 sem verður grein 10 með eftirfarandi hætti:

„10.1 Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir þessar og landslög setja, er í höndum lögmætra hluthafafunda (aðalfunda og aukafunda). Heimilt er að halda hluthafafundi annars staðar en á heimili félagsins. Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, óháð fundarsókn.“

10.2 Stjórn félagsins skal boða til hluthafafunda. Boða skal til hluthafafundar minnst þremur vikum fyrir fund og lengst fjórum vikum fyrir fund, nema hluthafar hafi áður samþykkt boðun með skemmri fyrirvara á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 88. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995. Þá skal einnig boða til hluthafafundar innan 14 daga ef kjörnir endurskoðendur eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins, krefjast þess skriflega og greina frá fundarefni.

10.3 Boða skal til hluthafafundar með auglýsingu í innlendum fjölmiðli, með rafrænum hætti, eða með öðrum sannanlegum hætti þannig að tryggður sé skjóttur aðgangur að fundarboðinu á jafnréttisgrundvelli. Nota skal trausta miðla er tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska efnahagssvæðinu. Í fundarboði skal a.m.k. veita upplýsingar um:

1. Fundarstað, fundartíma og drög að dagskrá. Ef taka á til meðferðar á fundinum tillögu til breytinga á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

2. Skýrar og nákvæmar reglur um þátttöku og atkvæðagreiðslu á hluthafafundi. Meðal annars skal upplýsa um:
 - a. Rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga auk frests til að nýta þennan rétt,
 - b. Reglur um atkvæðagreiðslu fyrir atbeina umboðsmanns, eyðublöð vegna slíkrar atkvæðagreiðslu og á hvern hátt félagið sé reiðubúið að samþykkja rafrænar tilkynningar um skipun umboðsmanns,
 - c. Reglur um skriflega eða rafræna atkvæðagreiðslu eftir því sem við á.
 3. Hvar og hvernig nálgast megi óstyttan texta:
 - a. Skjala sem lögð verða fyrir hluthafafund,
 - b. Ályktunartillagna og/eða eftir atvikum athugasemda frá stjórn félagsins eða nefndum hennar varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar,
 - c. Ályktunartillagna hluthafa sem borist hafa félaginu.
 4. Vefsíðu þar sem hluthafar geta nálgast upplýsingar sem þeir skulu hafa aðgang að á hluthafafundi samkvæmt lögum.
- 10.4 Þremur vikum fyrir hluthafafund skulu eftirfarandi upplýsingar vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins:
1. Fundarboðið.
 2. Heildarfjöldi hluta og atkvæða á fundarboðsdegi.
 3. Skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund.
 4. Ályktunartillögur og athugasemdir frá stjórn félagsins eða nefndum hennar, eftir því sem við á, varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá hluthafafundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vefsíðu félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra.
 5. Eftir atvikum, eyðublöð sem umboðsmenn skulu nota við atkvæðagreiðslu eða nota á við skriflega atkvæðagreiðslu, eða hvernig nálgast megi eyðublöð í pappíriformi.
- 10.5 Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, þó í síðasta lagi tíu dögum fyrir fundinn. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Upplýsingar um kröfuna skal birta á vefsíðu félagsins eigi síðar en þremur dögum fyrir fundinn, auk tillögunnar og eftir atvikum endurskoðaða dagskrá fundarins.
- 10.6 Stjórn er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, að hluta eða öllu leyti, að því gefnu að tiltækur sé nægilega öruggur búnaður til að halda rafrænan fund. Ef tekin er ákvörðun um að halda rafrænan fund skal þess getið sérstaklega í fundarboði. Í fundarboði skulu koma fram upplýsingar um nauðsynlegan tæknibúnað, hvernig hluthafar tilkynni þátttöku sína, hvernig atkvæðagreiðsla fer fram og hvar hluthafar nálgast leiðbeiningar um fjarskiptabúnað, aðgangsorð til þátttöku á fundinum og aðrar upplýsingar sem geta átt við. Innslegið aðgangsorð í tiltekinn fjarskiptabúnað jafngildir undirskrift viðkomandi hluthafa og telst staðfesting á þátttöku hans á hluthafafundinum. Ef hluthafafundur er haldinn með rafrænum hætti, annaðhvort að hluta eða öllu leyti, skulu hluthafar sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti tilkynna skrifstofu félagsins um þátttöku ekki síðar en fimm dögum fyrir hluthafafund og samtímis leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum. Að

öðru leyti gilda um slíkar atkvæðagreiðslur ákvæði 80. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum.

10.7 Hluthöfum skal gefinn kostur á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt. Í fundarboði skal koma fram hvernig atkvæðagreiðslan skuli framkvæmd. Hluthafar geta óskað eftir að fá atkvæði send sér hafi skrifleg beiðni þar um borist skrifstofu félagsins fimm dögum fyrir hluthafafund. Hluthafar geta einnig vitjað atkvæðaseðla sinna á skrifstofu félagsins frá sama tíma og greitt þar atkvæði.

10.8 Rétt til að sækja hluthafafundi félagsins hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra og ráðgjafar, endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum ef leita þarf álits þeirra eða aðstoðar. Ráðgjafar hafa hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt en hluthafa er heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Endurskoðandi félagsins og framkvæmdastjóri hafa fullt málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum þótt ekki séu þeir hluthafar.

10.9 Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd og fara með atkvæði sín. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt, vottfast og dagsett umboð. Umboð skal leggja fram á fundi og gildir aðeins fyrir einn fund, nema annað sé tekið fram í umboðinu.

10.10 Mál sem ekki hafa verið tilgreind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki allra hluthafa félagsins, en gera má um þau ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá kemur það ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til að fjalla um málið auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða félagssamþykktum.

10.11 Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

Greinar 12, 14 og 15 falla niður þar sem grein 10 (áður grein 11) tekur við af þeim atriðum sem þar var fjallað um.

Skýringar:

1. mgr. ákvæðisins felur ekki í sér neinar breytingar en sérstaklega er tekið fram að hluthafafundur er lögmaður óháð fundarsókn ef hann er löglega boðaður. Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. er gerð breyting til samræmis við 88. gr. a hlfl. þar sem boðunarfrestur vegna hluthafafunda er lengdur upp í þrjár vikur. Þá er 2. málsl. óbreyttur og var áður grein 14.1. Samhliða fellur grein 14.2 úr gildi sem mælir fyrir um styttri boðunartíma aukafunda.

Breytingar í 3.- 4. mgr. endurspeglar 88. gr. a og b í hlutafélaglögum þar sem mælt er fyrir um hvernig boða skal til hluthafafundar, hvaða upplýsingar skuli veita og hvaða gögn eigi að vera aðgengileg fyrir hlutahafa, sem er þremur vikum fyrir hluthafafund.

Samkvæmt 5. mgr. geta hluthafar komið með tillögur innan ákveðins frests eftir fundarboðun og er það byggt á 86. gr. hlfl. Þá eru minniháttar breytingar á 6. mgr. sem var áður grein 12.2 og tekur skýrar fram hvað eigi að tiltaka í fundarboði ef fundur er haldinn rafrænt.

Breytingar á 7. mgr. fela í sér samræmingu við ákvæði 2. ml. 1. mgr. 80. gr. a hlfl. þar sem segir að hluthafar geti greitt atkvæði bréflega eða rafrænt hjá skráðum félögum óski

þeir eftir því. Til viðbótar er gerð krafa um að hluthafi óski eftir því að greina atkvæði með slíkum hætti eigi síðar en fimm dögum fyrir fund.

Málsgreinar 9-11 eru þegar í samþykktum en voru áður greinar 11.4, 15.3 og 15.4.

E. Tillaga að breyta grein 13 sem verður grein 11

Aðalfund skal halda fyrir lok maí ár hvert. Boða skal til aðalfundar með sama hætti og annarra hluthafafunda.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
9. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.
10. Önnur mál.

Ef hluthafar sem ráða minnst 1/3 hlutafjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðun um lið 2 í gr. 11.2 til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.

Ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar, skýrsla endurskoðanda, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæða á fundarboðsdegi, tillaga stjórnar um starfskjarastefnu og aðrar tillögur stjórnar til aðalfundar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis eigi síðar en 21 degi fyrir aðalfund.

Skýringar:

Breytingar á grein 11 (áður grein 13) eru fyrst og fremst til þess að gæta samræmis við grein 10 þar sem tekið er fram í 9. tl. 2. mgr. að tillögur hluthafa sem berast skuli taka til meðferðar á aðalfundi.

Síðari breytingin í 4. mgr. er að mæta tillögu Gildis um að taka afdráttarlaust fram hvaða gögn eigi að leggja fram þremur vikum fyrir aðalfund. Samþykkt var á hluthafafundi Símans 16. apríl 2015 að fela stjórn að leggja til við hluthafafund að gerðar yrðu breytingar á samþykktum í samræmi við tillögu Gildis.

F. Tillaga að breyta grein 16 sem verður grein 12

Grein 16 um fundarstjórn verður breytt í grein 12 og bætt aftast við ákvæði 12.1 (áður 16.1). „Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar ef einhver fundarmaður krefst þess, nema fundarstjóri telji augljóst að það hafi ekki áhrif á úrslit atkvæðagreiðslunnar. Aðalfundi er heimilt að setja sérstök fundarsköp um hluthafafundi.“ Fyrri málslíðurinn er nýmæli til þess að taka fram að hluthafar eigi rétt á skriflegri atkvæðagreiðslu nema fundarstjóri telji það augljóslega óþarfa. Seinni málslíðurinn er fyrir í samþykktum félagsins en var undir grein 11.8.

G. Tillaga að breytingum á greinum 14 og 15 auk breytinga á greinanúmerum

Í kjölfarið verða breytingar á númeraröð núverandi greina 17-27. Grein 17 verður grein 13, grein 18 verður grein 14 og svo koll af kolli þar sem grein 27 verður grein 23.

Þá verður gerð breyting á grein 14.3 (áður grein 18.3) þar sem orðin „eða í gr. 10 samþykktu þessara“ eru felld út.

Grein 15 (áður 19) breytist þannig að grein 15.2 verður svohljóðandi:

„Við stjórnarkjör skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða kosninga í stjórn félagsins þannig að kynjahlutfall náist ekki telst kosning ógild og skal þá fresta stjórnarkjöri til framhaldsaðalfundar sem skal haldinn innan mánaðar og auglýstur sérstaklega með sama hætti og hluthafafundir. Skal stjórnarkjör endurtekið svo oft sem þarf, þar til kynjahlutföllum er náð.“

Þá er einnig gerð breyting á grein 15.4 með þeim hætti að orðin „sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir“ bætist aftan við setninguna „Félagsstjórn skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi með sannanlegum hætti kost á því að bæta úr þeim göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekins frests“ í grein 15.4 (áður 19.4). Við grein 15.5 (áður grein 19.5) bætast orðin „sem skal kjósa stjórn“ aftast í greinina.

Heitið á grein 22 (áður grein 26) breytist og fellur brott heitið „Ákvarðanir um verulegar breytingar í rekstri.“ Þá breytist tilvísun í grein 22.1 til 18.3 yfir í 14.3 í samræmi við breytingar á númeraskipan. Einnig breytist grein 23.1 (áður grein 27.1) þannig að tilvísun í grein 26.1 verður grein 22.1.

Skýring:

Breyting á grein 15.2 er gerð í þeim tilgangi að hluthafafundur kjósi stjórn sem uppfyllir kynjahlutfall og náist það ekki skal kosning endurtekin í stað þess að aðilar í framboði sem hljóta fá atkvæði komist í stjórn á grundvelli kynjahlutfalls. Að öðru leyti þurfa breytingar ekki skýringar við.

H. Tillaga um viðbót við grein 17 (áður grein 21)

Tillaga um að bæta við ákvæði í grein 17 sem verður grein 17.7 og verður svohljóðandi:

„Ef kjörnar eru nefndir á vegum stjórnarinnar skv. ákvæðum í starfsreglum skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um það á annan veg í lögum.“

Skýring:

Þessi breyting er til þess að áréttar að undirnefndir stjórnar geta ekki tekið bindandi ákvarðanir fyrir stjórn.

I. Tillaga vegna ákvæðis um sérstakar hlutafjárhækkanir

Í samræmi við fyrri tillögu stjórnar um heimild til hlutafjárhækkunar kemur nýtt ákvæði sem verður grein 24 og hljóðar svo:

„Stjórn félagsins hefur heimild til að gefa út nýtt hlutafé að nafnverði allt að kr. 850.000.000 til að uppfylla kaupréttarsamninga sem kunna að verða gerðir við starfsmenn félagsins og dótturfélaga á grundvelli kaupréttaráætlunar, sem gerð er í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Heimildina þarf ekki að nýta í einu lagi og skulu hluthafar ekki hafa forgangsrétt til nýrra hluta sem gefnir eru út samkvæmt þessari heimild, en einungis skal heimilt að gefa nýtt hlutafé út til að efna gerða kaupréttarsamninga. Heimildin gildir í fimm ár frá samþykkt.“

Þá breytist grein 28 og verður grein 25.

Skýring:

Um skýringu á þessum lið vísast til tillögu 1 og er háð samþykkt hluthafafundar á þeirri tillögu.